

Fimbulvetur

GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON



Fimbulvetur

EFTIR
GUNNAR THEODÓR EGGERTSSON



Fimbulvetur

ISBN 978-9979-0-2363-0

© 2019 Gunnar Theodór Eggertsson

© 2019 Teikningar: Erla María Árnadóttir

Ritstjóri: Sigríður Wöhler

Yfirllestur og álit: Magdalena Berglind Björnsdóttir

og Hulda Dögg Proppé grunnskólakennarar,

Ellý Rut Nökkvadóttir grunnskólanemi.

Yfirllestur: Ingólfur Steinsson

Nemendur í Seljaskóla 2018–19, Ísak Thomas Birgisson, Lilja Björg
Bjarnadóttir og Þóra Laufey Þórarinsdóttir fá þakkir fyrir veitta aðstoð.

1. útgáfa 2019

Menntamálastofnun, Kópavogi

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Prentmiðlun ehf. / Lettland

Bók þessa má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis höfunda og útgefanda.

Efnisyfirlit

Helstu persónur	6
Skjálftar	7
Gestagangur	12
Þeir sletta skyrinu	18
Öfundaraugu	22
Pöddur með persónuleika	28
Borgarljós	36
Óbyggðir	44
Frost	54
Hiti	61
Heimsókn	67
Leynimakk	76
Leikslök	81
Perla í pödduskál	87

ÞÁ MÆLTI GANGLERI:

„HVER TÍÐINDI ERU

AÐ SEGJA FRÁ UM

RAGNARÖKKUR?


ÞESS HEF EG EIGI

FYRR HEYRT GETIÐ.“

HÁR SEGIR:
„MIKIL TÍÐINDI ERU
ÞAÐAN AÐ SEGJA
OG MÖRG. ÞAU HIN
FYRSTU AÐ VETUR SÁ
KEMUR ER KALLAÐUR
ER FIMBULVETUR.
ÞÁ DRÍFUR SNÆR ÚR
ÖLLUM ÁTTUM. FROST
ERU ÞÁ MIKIL OG
VINDAR HVASSIR. EKKI
NÝTUR SÓLAR. ÞEIR
VETUR FARA ÞRÍR SAMAN
OG EKKI SUMAR MILLI.

(ÚR GYLFAGINNINGU)

Helstu persónur



KATRÍN
unglingsstelpa
sem lætur sig dreyma
um heima og geima.



BLÆR
kemur
óvænt í bekkinn
af himnum ofan.



LÚKAS
besti vinur Katrínar,
heimakær og jarðbundinn



**MAMMA
PABBI**
vísindamenn sem gera
lífíð bærilegt neðanjarðar



Skjálftar

Næturljósið titraði á svefnherbergisveggnum og Katrín kipptist við í rúminu. Eitthvað urraði reiðilega á yfirborðinu. Þegar hún var komin fram úr, reiðubúin að rannsaka málið, fjaraði hljóðið út eins og ýtt hefði verið á takka.

Þetta gat ekki verið geimskip. Hingað komu engin skip lengur.

Þegar Katrín var yngri lét hún sig dreyma um að flytja út í geim. Sá draumur var löngu dauður. Fjölskyldan hennar átti ekki nógu mikinn pening til að komast af Jörðinni. Á þessum slóðum flutti enginn burt. Katrín vissi vel að hún og öll hennar fjölskylda ætti eftir að búa í Nýju-Reykjavík um ókomna tíð án þess að fá nokkurn tímann að líta geiminn eigin augum.

Hún reyndi að sannfæra sig um að skjálftinn hefði verið draumur en lá engu að síður andvaka langt fram á nótt.

Daginn eftir mættu foreldrar hennar að morgunverðarborðinu með augun límd við skjáina sína.

„Er ekki allt í lagi?“ spurði Katrín þegar hún sá áhyggjuhrökkur á enni móður sinnar.

„Jú, jú,“ svaraði hún, „bara leki í göngum ekki langt frá skólanum þínum. Ekki frost en nægur kuldi til að fella heila röð af plöntum.“


„Tengist það eitthvað látunum í nótt?“ spurði Katrín en þau könnuðust ekki við að hafa nokkuð heyrt.

„Þig hefur dreymt þetta, elskan mín,“ útskýrði pabbi hennar og sturtaði í sig staupi af jurtaseyði, „og þú veist að það er ekkert óvenjulegt við smávegis frostleka í loftkerfinu!“

Með þeim orðum ruku þau út um dyrnar og til vinnu, reiðubúin að sinna neyðartilfelli og bjarga blómum úr bráðri lífshættu.

Katrín kláraði morgunverðinn í rólegheitum og rölti svo af stað í skólann. Nágrannarnir tíndust jafnt og þétt út á breiðgötuna.

Háljósín voru stillt á morgunbirtu, þótt enginn munur væri á degi og nóttu svo langt undir yfirborði jarðar. Á kuldalegum



grjótveggjunum til beggja hliða birtust myndir af skóglendi og stöðuvötnum. Fuglasöngur ómaði úr hátalarakerfinu, þótt enginn hefði séð fugl með eigin augum um áratugaskeið.

Í nokkurra húsa fjarlægð beið unglingsdrengrur á aldri við Katrínu með sítt brúnt hár bundið eins og hálsklút undir hökunni. Katrín heilsaði vini sínum með stuttu faðmlagi. Þau voru bæði klædd í gráan búning sem sýndi að þau voru fjórtán vetra gömul og í sama árgangi. „Heyrðir þú lætin í nótt?“ spurði Lúkas að fyrra bragði.

„Já!“ svaraði Katrín spennt og glöð að fá staðfestingu á að skjálftinn hefði ekki verið ímyndun. „Hvað var þetta eiginlega?“

„Mamma heldur að þetta hafi verið geimskip að lenda. Þabba fannst það fáránleg hugmynd.“

„Hver veit,“ sagði Katrín og leyfði sér að dreyma svolítið, „kannski höfum við fengið óvænta heimsókn.“

Vinunum krossbrá þegar þeir mættu í skólann og sáu að nýju vinnuborði hafði verið komið fyrir í stofunni þeirra.

Það bættust aldrei nýir nemendur við bekkinn.

Gestagangur

„Komið þið sælir, kærur nemendur,“ sagði Davíð kennari og hljómaði kurteisari en vanalega. „Í dag tökum við á móti nýjum nemanda sem kemur alla leið frá Satúrnusarstöð og verður hjá okkur næstu tvær vikurnar!“ Katrín trúði ekki eigin eyrum. Satúrnus? Þar bjó ríkasta og valdamesta fólkið í allri vetrarbrautinni. Þögn sló á bekkinn þegar unglingsstúlka birtist í dyragættinni.

Hún settist á milli Katrínar og Lúkasar eins og paradísarfugl á villigötum. Þau fölleit að sjá í gráleitum skólabúningum, hún dökkbrýnd og klædd glitrandi gerviefni sem virtist saumað úr öllum litum regnbogans. Hárið var styttra en á hinum stúlkunum, biksvart með bláum bjarma, og ljósbrúnn jakkinn var mjúkur eins og mosi. Stúlkan renndi eldrauðum



augunum yfir hópinn og lagði lítið hringlaga veski á borðið sem leit út eins og silfrað egg. Hún sneri því nokkra hringi og opnaði fyrir agnarsmárri eðlu sem stakk fram höfðinu og blikkaði góðlátlega.

„Er hún ekta?“ spurði einhver á bak við Katrínu.

„Auðvitað ekki,“ svaraði stúlkan háðslega og klóraði eðlunni um höfuðið.

Davíð kennari virtist álíka undrandi yfir litla gestinum eins og hinir krakkarnir.

„Ekkert er raunverulegt,“ bætti stúlkan við og strauk hendinni eftir jakkanum sínum. Efnið skipti um áferð eins og fyrir töfra og ljósbrúnn mosinn umbreyttist í djúpblátt hreistur. Því næst fitlaði hún eitthvað við eyrun á sér og Katrín sá ekki betur en að andlitið breyttist frammi fyrir augum hennar. Nefið varð flatara, hakan breiðari, munnurinn mjórri og ennið hærra. Allt í einu fannst henni þetta ekki vera stúlka heldur strákur sem sat við hliðina á henni. Bekkurinn var furðu lostinn þar til Davíð rauf loks þögnina.

„Blær er á ferðalagi með móður sinni sem er í heimsókn á hálendinu á vegum Samsteypunnar. Ég treysti því að þið sýnið gestrisni og kurteisi á meðan á dvöl þeirra stendur.“

Blær. Katrín mótaði nafnið hljóðlaust með vörunum.

„Blær? Hvers konar nafn er það?“ Það var Lúkas sem spurði. „Ertu strákur eða stelpa?“

„Hvers konar spurning er það?“ spurði Blær á móti. „Eins og það komi þér nokkuð við?“

„Ég vil bara vita við hvern ég er að tala,“ svaraði Lúkas.

„Eins og maður tali eitthvað öðruvísi við stráka heldur en stelpur,“ muldraði Katrín nógu lágt svo enginn heyrði.

Blær hreyfði sig í sætinu og jakkinn skipti aftur um ham. Örmjóar silfurnálar stungust upp innan um hreistrið. Hún hallaði sér fram og lét hárið síkka yfir andlitið. Katrín sá hana fitla eitthvað aftur á bak við eyrun. Svo sveiflaði hún hárinu frá og sneri sér svöl og yfirveguð að Lúkasi.

„Er þetta betra?“

Lúkas kipptist við í sætinu og minnstu munaði að hann flygi niður á gólf. Hinir í stofunni kepptust við að sjá almennilega framan í Blæ en hún var snögg að draga hárið aftur fyrir og grípa um eyrun í laumi. Áður en hún breytti sér aftur sneri hún sér örsnöggt að Katrínu og sendi henni skínandi glott, kafloðin í framan, eins og aparnir sem þau höfðu einu sinni lært um í líffræðitíma.

Augnabliki síðar sat sama venjulega stúlkan við borðið og hafði gengið inn um dyrnar í ljósbrúnum jakka.

„Hvað segið þið, á maður ekkert að læra í þessum skóla?“

„Jú,“ hikstaði Davíð upp úr sér og hrökk í gang, „einmitt, þakka þér fyrir, Blær, við skulum koma okkur að verki!“

Blær dró lítið tæki út úr jakkaerminni, kveikti á sýndarskjá í borðinu sínu og fór

að skrifa eitthvað á fullu. Litla eðlan lá
sallaróleg í töskunni og sneri breiðum
augunum hægt í hringi. Katrín teygði
sig eins langt og hún þorði til að rýna í
hvað Blær væri að skrifa en sá ekki yfir
olnbogann á henni. Hún hallaði sér til
baka og mætti augum Lúkasar sem starði
grettur og skríttinn á hana.

Ekkert er raunverulegt.

Orðin endurómuðu í huga Katrínar það
sem eftir var af tímanum.

Þeir sletta skyrinu

Katrín beið í matarröðinni og svipaðist um eftir nýju stúlkunni en hún var hvergi sjáanleg. Kannski vissi hún ekki að hún þyrfti að fara í röð til að fá sér að borða. Í geimnum þurfti ábyggilega enginn að bíða í röð.

Hún heyrði krakkana á undan sér pískra eitthvað sín á milli og benda. Katrín sá þá hvar Blær sat ein á miðju langborði með stórt nestisbox fyrir framan sig. Eins og ekkert væri eðlilegra dró hún fram banana, epli, appelsínu og heilan haug af jarðarberjum. Röðin hætti alfarið að hreyfast. Það var eins og tíminn stæði í stað á meðan allir fylgdust með henni stinga upp í sig jarðarberi og kjammsa vel og lengi á því. Stúlkán virtist skynja að allra augu væru á henni og njóta þess í botn. Jafnvel naut hún þess meira en

berjanna sjálfra, því hún lét sér þrjú nægja og raðaði hinum aftur í baukinn án þess að bjóða með sér.

Katrín prísaði sig sæla að fá þrjú jarðarber á jólunum.

Blær fékk sér því næst eplabita og ferskt brakið bergmálaði um þöglan matsalinn. Nú gat hún ekki stillt sig um að brosa að öfundsjúku unglingunum sem höfðu myndað hring í kringum langborðið.



Katrín trúði ekki eigin augum þegar Blær teygði út fingurna og ýtti við berjabauknum svo hann rúllaði niður á gólf. Dísætt lostætið féll niður í rykið og skítinn. Eins og hendi væri veifað var heill hópur af krökkum kominn niður á fjóra fætur og farinn að slást um góðmetið. Bara að kennararnir gætu séð þetta, hugsaði Katrín, en mötuneytið var algjörlega sjálfvirkt, eins og svo margt í skólanum, og engir fullorðnir á staðnum til að skipta sér af.

Blær fékk sér annan bita af eplinu á meðan hún dáðist að fjaðrafokinu sem hún hafði orsakað. Svo fleygði hún hálfétnu eplinu beint upp í loftið eins og bolta, viss í sinni sök um að einhver myndi stökkva til og grípa það. Þrír krakkar gerðu tilraun til að ná eplinu. En það var Hraundís, bekkjarsystir Katrínar, sem bar sigur úr bítum og hljóp burt frá hópnum eins og rándýr sem ætlar alls ekki að hleypa öðrum nærri bráðinni.

Blær brosti út að eyrum, stóð rólega á fætur og skildi afganginn af nestinu eftir. „Gjörið þið svo vel!“ kallaði hún yfir hópinn. Katrínu dauðlangaði að berja og klóra sér leið að borðinu þótt það væri ekki nema fyrir einn lítinn appelsínu-bát. Hún vissi þó betur en að falla fyrir brögðum undarlegu stúlkunnar. Á meðan matarröðin leystist upp í kringum hana velti Katrín fyrir sér hvernig hún gæti átt greiðari leið að þessum kræsingum. Skólafélagarnir slógust eins og villihundar um smábitana. Blær stóð við útganginn og ef marka mátti brosið og hláturinn þá þótti henni greinilega ekki mikið til þeirra koma. Katrín þyrfti að standa á sínu og koma Blæ í skilning um að hún væri ekki jafneinföld og hinir krakkarnir. Hún gekk að kásupottinum, skammtaði sér skál af brúnu pödduprótíni og lét sig dreyma um alla þá fjársjóði og fríðindi sem gætu fylgt því að eiga vinkonu utan úr geimnum.

Öfundaraugu

„Þessi nýja stelpa er miklu meira en bara skrítin.“

Lúkas hrærði í matnum og frestaði því að fá sér bita. Merkilegt hvernig einn appelsínubátur gat eyðilaggt heila máltíð. Á venjulegum degi hefði hann hámað í sig pöddukássuna, sársvangur að vanda. Nú virkaði hún eins og slepjuleg ruslahrúga í samanburði við ávaxtabitann.

„Hvað er hún þá?“ spurði Katrín og skóf síðustu leifarnar úr sinni skál.

„Hún er rík og hrokafull og hún hlær að okkur fyrir að hafa það verra en hún,“ sagði Lúkas með biturri röddu, lagði frá sér skeiðina og ýtti disknum frá sér.

„Kannski þykir venjulegt að láta svona í kringum Satúrnus,“ svaraði Katrín og velti fyrir sér hvort hún ætti að biðja um

skammtinn hans Lúkasar, því hún var enn dálítið svöng. „Fyrr en varir mun hún skilja að ef hún ætlar að eignast einhverja vini getur hún ekki hagað sér svona hér.“

Katrín sá stúlkuna sem sat ein á borði með andlitið límt við tölvuskjáinn. Alltaf á fullu að skrifa eitthvað. Krakkarnir sem áður höfðu hópast í kringum hana í matarleit héldu sig nú fjarri, mesta æðið runnið af þeim.

„Nákvæmlega,“ tók Lúkas undir, þungt hugsí, „hún verður að skilja að hún getur ekki hagað sér svona.“ Hann stóð á fætur og Katrín missti tækifærið til að fá sér ábót, því hann greip skálina með sér. Hún fylgdi Lúkasi eftir með augunum og var forviða að sjá hann taka stefnuna beint að nýju stúlkunni.

Blær var enn með höfuðið ofan í tölvuborðinu og gaf stráknum engan gaum fyrr en eðlan teygði hálsinn upp úr veskinu og urraði. Lúkas sagði eitthvað en Katrín var

of langt í burtu til að heyra orðaskil.
Reiðilegur tónninn leyndi sér þó ekki.
Hún fikraði sig nær þeim til að fylgjast
betur með og var ekki ein um forvitnina.

„... veit ekki hvernig málum er háttað hjá
hinum geimverunum á Neptúnusi eða
Úranusi eða hvaðan sem þú kemur,“
heyrði hún Lúkas þylja yfir áhugalausri
stúlkunni, „en hérna niðri stöndum við
saman og hjálpumst að, þannig höfum
við lifað af, ein og óstudd, því hér ræður
enginn yfir okkur annar en við sjálf ...“

Katrín tók eftir að Lúkas stóð með súpu-
skálina fyrir aftan bak og hélt henni þar
bísperstur. Að einhverju leyti skildi hún
hvað var í vændum, en gat samt ekki
fengið sig til að trúa því.

„... og umfram allt er hér enginn betri en
annar, sama hvaðan þeir koma eða hverju
þeir luma á í nestisboxunum sínum.“
Lúkas lauk máli sínu og beið svars frá ungu
konunni sem virti hann íhugul fyrir sér.

„Þetta er víst það sem gerist þegar mannfólk fær ekkert nema pöddur að borða,“ svaraði hún kaldhæðin, „það breytist sjálft í einsleit og iðandi skordýr.“

Hún glotti framan í Lúkas og eðlan ranghvolfdi augunum. Hann starði bara og átti greinilega erfitt með að melta orðin.

„Skilur ekki einu sinni þegar verið er að móðga hann,“ muldraði Blær og sneri sér aftur að tölvuskjánum í borðinu.

Katrín hefði sjálfsagt átt að stökkva fram og stoppa vin sinn. Í staðinn fylgdist hún með Lúkasi draga fram barmafulla skálina og það kviknaði á einhverri meinfýsni innra með henni. Hún vildi sjá hvað gerðist næst. Hún gæti jafnvel snúið því sér í hag.

Þess vegna stóð hún aðgerðalaus og horfði á, eins og allir hinir.

Lúkas lyfti skálinni yfir blágrænt hárið á nýju stúlkunni og hellti yfir hana kássunni með einu snöggu handtaki.

„Þú hefur gott af því að smakka pöddur,“
hrópaði hann hreykinn og orðin drukknuðu í hlátrasköllum hinna krakkanna.

Katrín stóð á öndinni og beið átekta eftir viðbrögðum fórnarlambins. Eðlan hristi sig og hvæsti. Stúlkan sat grafkyrr og lét brúna kássuna drjúpa í þykkum klessum niður á heilskjáinn í borðinu. Lúkas hinkraði stundarkorn en skólabjallan togaði hann í burtu. Hann skilaði tóMRI matarskálinni sigri hrósandi í vaskinn á leiðinni út, umkringdur kátum félögum sem hömpuðu honum fyrir hugrekkið.

Blær sat ein eftir og slökkti á tækjunum sínum án þess að líta upp. Nokkrir krakkar biðu enn í von um meira drama en smátt og smátt dreifði hópurinn sér.



Blær klóraði eðlunni og hleypti henni aftur ofan í veskið. Hárið lá klístrað niður yfir andlitinu eins og slímug slæða. Katrín ákvað að grípa tækifærið, sótti þurra tusku á bak við borðið í mötuneytinu og gekk hægum skrefum yfir til stúlkunnar.

„Gjörðu svo vel,“ sagði hún ofur lágt og lagði tuskuna á þurra hluta borðsins. Blær tók þögul á móti og notaði tuskuna til að ýta hárinu upp á við og aftur á bak. Hún fitlaði eitthvað við eyrun á sér áður en hún leit framan í Katrínu. Hún hafði skipt háralitnum yfir í dökkbrúnan til að fela matarsletturarnar en reiðin skein úr rauðum augunum.

Hún dró andann djúpt, kinkaði kolli og þakkaði Katrínu fyrir. Svo tók hún saman allt sitt hafurtask og lét sig hverfa með hraði út úr skólanum.

Pöddur með persónuleika

Pegar Blær skilaði sér ekki aftur inn í stofu eftir atvikið í matsalnum spurði Davíð kennari fregna. Bekkurinn, allur sem einn, tók undir lygi Lúkasar um að stúlkan hefði látið sig hverfa án þess að kveðja kóng eða prest.

„Hún þykist vera betri en við hin,“ sagði hann, „og er örugglega flogin aftur til sinna heima. Farið hefur fé betra.“

Katrínu dauðlangaði að rétta upp hönd og leiðréttu lygina en þótt hún væri reið út í vin sinn þorði hún ekki að andmæla honum frammi fyrir hópnum. Hún beið þar til skólinn var búinn og Davíð var einn að ganga frá í stofunni. Þá sagði hún satt og rétt frá öllu og flýtti sér síðan heim á leið til að þurfa ekki að vera samferða Lúkasi.

Heima sagði hún engum frá atburðum dagsins og næstu nótt dreymdi hana endalaus geimskip.

Morguninn eftir átti hún von á að mæta Lúkasi á leiðinni í skólann en hann var hvergi að sjá. Borðið hans stóð tóm í stofunni en Blær sat á sínum stað, einbeitt og herská á að líta.

Kennarinn bauð góðan daginn og lét eins og ekkert hefði í skorist síðan hann kvaddi hópinn síðast.

„Hvar er Lúkas?“ spurði einn vina Lúkasar.

„Lúkas er í tímabundnu leyfi frá skóla,“ útskýrði Davíð og dæsti.

„Hvað meinarðu?“ spurði strákurinn æstur. „Hvers vegna?“

„Þið luguð öll að mér í gær og ég tek því ekki létt,“ svaraði Davíð alvarlegur, „en sem betur fer var einn nemandi sem sá sóma sinn í því að segja satt.“

Nemendurnir litu hver á annan og Katrín gerði sitt besta til að sýnast ekki sek um sannleikann.

„Hversu lengi verður hann í burtu?“
hélt vinurinn áfram.

„Sú ákvörðun liggur ekki hjá mér,“
svaraði Davíð.

„Hverjum þá?“

„Mér,“ svaraði Blær og sneri sér í sætinu.

„Lúkas verður í leyfi eins lengi og mér sýnist og ef þú heldur þig ekki á mottunni skal ég senda þig sömu leið.“

Þetta þaggaði niður í stráknum.

„Þú mátt halda áfram núna, kennari,“
bætti Blær við og lét eins og hún ætti stofuna. Katrín skimaði yfir andlit bekkjarfélaga sinna. Blær vann sér greinilega ekki inn neina velvild hjá þeim með hegðun sinni.

Aftur á móti gat Katrín ekki annað en sýnt aðdáun. Hafði unglingsstúlkan í alvörunni

svona mikil völd? Kennarinn virtist dauð-
hræddur við hana og það sem eftir var
kennslustundar tiplaði hann á tánum eins
og mús frammi fyrir villtum ketti.

Í hádegishléinu sat Blær ein á sama stað.
Vanalega hefði Katrín fundið sér sæti við
hliðina á Lúkasi en nú stóð hún með
matarbakkann í höndunum og velti fyrir
sér hvort hún ætti að taka af skarið og fá
sér nýjan sessunaut.

„Laust hér?“

Eðlan urraði.

„Ég er ekki með neina ávexti í dag,“
svaraði Blær og ýtti fram matarbakkanum
sínunum. „Ákvað að prófa pöddur.“

Katrín kíkti ofan í og virti fyrir sér skál
fulla af litlum skordýrum, bökuð inn í
brúnt deig, skreytt með grænu kryddi og
rauðum grænmetisbitum.

„Hvernig pöddur eru þetta?“ spurði Katrín
og slengdi skálinni sinni á borðið til
hennar, án þess að biðja aftur um leyfi.

„Skrísur,“ svaraði Blær eins og ekkert væri eðlilegra, „mamma er hrifin af þeim. Þær þykja víst lostæti, sérstaklega á Títan.“

Katrín lokaði augunum og þefaði upp úr boxinu. Ilmur utan úr geimnum, hugsaði hún og reyndi að leggja lyktina á minnið.

„Ég myndi bjóða þér bita ef ég væri ekki hrædd um að koma aftur af stað slagsmálum.“ Hún sneri sér að nokkrum starandi krökkum sem voru snöggir að líta undan.

„Eru þær góðar?“ spurði Katrín og fékk sér bita af sinni kássu. Karríbragð í dag. Eins og alla miðvikudaga.

„Allt í lagi. Ábyggilega betra en prótínmaukið sem þú ert með. Þessar pöddur eru að minnsta kosti með persónuleika.“

Hún afhausaði eina á milli framtannanna og Katrín fékk vatn í munninn af kryddanganinni.

„Dálítið eins og við, þá,“ svaraði Katrín.

„Hvað meinarðu?“

„Pöddur með persónuleika.“

„Um það má nú deila.“

Katrínu langaði að hlæja en bældi niður brosið og reyndi að láta eins og hún væri að minnsta kosti pínulítið móðguð.

„Er íslenska kennd við tungl Satúrnusar?“ spurði hún svo til að skipta um umræðuefni. „Þú talar hana mjög vel.“

„Takk. Ég þurfti nú mest lítið að hafa fyrir því. Fékk bara ígræðslu hjá kennaranum mínum. Eyði henni örugglega á heimleiðinni.“

Katrín vissi ekki hvernig ætti að svara þessu. Hún kinkaði vandræðalega kolli



og datt ekkert annað í hug en að fylla munninn af bragðlausri kássu.

„Þú þurftir ekkert að klaga fyrir mig,“

bætti Blær við eftir nokkra þögn,

„ég get alveg séð um mig sjálf.“

„Hvers vegna heldurðu að það hafi

verið ég?“

„Vegna þess að þú þorðir að setjast hjá

mér.“

„Lúkas er ekki slæmur strákur. Hann á

það til að missa dálítið stjórn á sér.“

„Hann missti nú bara dálítið yfir mig

súpuskál,“ svaraði Blær pirruð.

„Hann átti erfitt með þessi sýndarlæti

með ávextina og hann var ekkert einn um

það,“ hélt Katrín áfram. „Fyrir flestum er

heimurinn ekki miklu stærri en nýlendan

okkar neðanjarðar. Við erum í rauninni

hálfgerðar pöddur; klæðum okkur öll

eins, hugsum eins, lokuð inni alla daga,

skriðum um ofan í jarðhitnum til að halda lífi, án þess að sjá nokkurn tímann til sólar ...“

Orðin leystust upp, breyttust í muldur og svo í þögn. Blær horfði hugsi á Katrínu lengi vel og laumaði svo að henni einni vel steiktri pöddu undir borðið.

„Hittu mig á lóðinni eftir skóla.“

Með þeim orðum lét Blær sig hverfa úr matsalnum öðru sinni.

Katrín kjammsaði ein á skordýrinu og lét bragðlaukana svífa lengst út að ystu mörkum sólkerfisins.

Hún varð ekki fyrir vonbrigðum.

Borgarljós

Enn og aftur hafði Blær breytt um útlit. Hárið sítt og grátt, augun biksvört, húðin skjannahvít. Eins og lifandi beinagrind á upplýstri skólalóðinni.

Hún hló þegar hún sá hvað Katrínu var brugðið.

„Fyrirgefðu, það er bara svo langt síðan ég hef leikið mér með sýndarbreytinn,“ útskýrði hún, „en hér virðist enginn þekkja þessa tækni!“

„Ég hef aldrei,“ byrjaði Katrín, „ég meina, ég hef lesið um svona lagað, þú veist, í sögum ...“

„Þetta er eiginlega alveg komið úr tísku heima,“ sagði Blær, „en ég get sagt þér að minn breytir er með þeim allra bestu á markaðnum. Augun koma samt alltaf upp um mann.“

Hún fiktaði smávegis í tækinu að
eyrnabaki og gerði sig eðlilegri ásýndar.

„Betra?“

„Betra.“

„Komum okkur þá að verki!“

„Hvað ætlum við að gera?“ spurði Katrín.

„Þú ætlar að sýna mér bæinn,“ svaraði
Blær, „og ef þú stendur þig vel, þá skal ég
bjóða þér um borð í skipið okkar á móti.
Samþykkt?“

Katrín þurfti ekki að hugsa sig um tvisvar.

„Hvað viltu sjá?“ spurði hún spennt.

„Ég vil sjá bæinn með þínum augum – það
sem þér finnst fallegt eða ljótt, það sem
gerir þig stolta eða pirraða – fattarðu hvað
ég meina?“

Katrín umbreyttist í leiðsögukonu á
staðnum og vissi nákvæmlega hvar fyrsta
stoppið yrði. Hún hélt rակleiðis með Blæ
inn í skógarlundinn, uppáhaldsstaðinn

sinn síðan í barnæsku. Þar var búið að rækta undursamlega brún og græn tré sem teygðu krónurnar upp að hellispakinu. Fyrir ofan voru risavaxnir ljóslampar, eftirhermur af sjálfri sólinni, og moldin var full af sérstökum bakteríum sem Katrín kunni ekki alveg að útskýra en mamma hennar hafði einfaldlega lýst sem svo að þær gæfu trjánum endalaust líf.

„Huggulegt,“ sagði Blær og bankaði létt á einn trjábolinn, „ekki ósvipað bakgarðinum heima.“ Hún gekk stuttan hring í rjóðrinu og virtist ekki sérlega hrifin.

„Hvað er næst?“

Katrín gat eytt heilu dögnum hér og bjóst við aðeins meiri viðbrögðum. Hún leiddi Blæ lengra inn í borgina, fram hjá stóra klifurleiksvæðinu og markaðstorginu, alla leið inn að sýningarsalnum. Hún las upphátt af upplýsingaskjá um efni dagsins.



„Fornminjar.“ Katrín hljómaði vonsvikin.

„Það er svo sem alveg áhugavert en dýralíf er uppáhaldið mitt,“ bætti hún við. „Finnst þér ekki ótrúlegt að fólk hafi einu sinni búið með alvöru dýrum?“

Þær stigu inn í langan, breiðan sal með kúptu lofti og skjáveggjum til hliðanna. Hér gátu íbúarnir séð hvernig forfeður þeirra og formæður bjuggu uppi á yfirborðinu í veröldinni sem áður var.

Stúlkurnar gengu fram hjá ægifögnum kastala frá því á miðöldum, yfir að píramíðum frumskóganna og loks inn í öngstræti stórborgar með glitrandi ljósum, mannlífi og rigningu. Borg sem hafði fyrir löngu sokkið í sjóinn.

„Nokkuð gott,“ var úrskurðurinn þegar Blær steig út hinum megin salarins, „en þú ættir að prófa sýndarveruleika-herbergið okkar uppi í skipi, miklu betri upplausn.“



Katrín saug neðri vörina innanverða af pírringi. Blæ tókst að gera lítið úr öllu sem henni þótti mikilfenglegt! Hún þorði samt ekkert að kvarta af ótta við að missa launin að leiðsögn lokinni.

„Sýndu mér næst pöddurnar og plönturnar. Ég er forvitin að sjá hvernig þið haldið í ykkur lífinu ofan í þessari holu.“

Katrín hunsaði yfirlætislegan tóninn í rödd stúlkunnar og tók stefnuna möglunarlaust að prótínvinnslnni þar sem pöddur klöktust út í massavís. Hún sýndi henni „hrærivélarnar“, eins og þær voru oftast kallaðar, sem maukuðu fíngerða líkamana þar til úr varð nokkurs konar klístrað deig. Það var síðan hægt að nota í hvers kyns matargerð, með viðbættu hráefni sem var framleitt annars staðar í bænum.

„Og ræktið þið í alvörunni ekkert ferskt grænmeti eða ávexti?“ spurði Blæ með vorkunnsemi í röddinni.

„Öll önnur fæða er ræktuð með bakteríum og jarðvarma. Af og til fáum við kaldpressaða afganga frá Samsteypunni. En annars er ferskmetið þeirra mestmegnis sent út í geim.“

„Mhm,“ svaraði Blær, „og hvar geymið þið svo súrefnisplönturnar?“

Katrín benti upp í loftið á grængresið sem myndaði raðir meðfram öllum veggjum.

„Þær eru alls staðar,“ útskýrði hún, „og mynda flókið kerfi sem viðheldur rétta loftslaginu. Og heita vatnið er allt undir götunum. Saman myndar þetta hringrás lífsins hérna niðri.“

Hún hljómaði alveg eins og mamma hennar.

„Foreldrar þínir starfa við lífræna umönnun, er það ekki?“ spurði Blær, nánast eins og hún gæti lesið hugsanir.

„Hvernig veistu það?“ spurði hún og svaraði þar með óvart játandi.

„Þau hljóta þá stundum að sinna verk-
efnum og viðgerðum uppi við loftgöngin?“

„Jú,“ svaraði Katrín tvístígandi, „af hverju
spyrðu?“

„Vegna þess að ég þarf smá hjálp,“
útskýrði Blær. „Hér er ekkert að sjá
sem ég hef ekki rekist á áður, fyrir utan
eitt – og ef þú sýnir mér það verður tekið
á móti þér eins og drottningu um borð
í skipinu.“

Katrín hugsaði um gull og gersemar, ferska
ávexti og sælgæti frá öðrum heimum en
leist samt ekkert á hvert samtalið stefndi.

„Og hvað mun það vera?“

„Ísborgin.“

Óbyggðir

Auðvitað vissi Katrín að hún mætti ekki fara til gömlu ísborgarinnar. Foreldrar hennar fóru upp af og til að sinna viðgerðarstörfum tengdum loftræstikerfinu en dvöldu aldrei augnabliki lengur en nauðsyn krafði. Hún hafði heyrt sögur frá þeim um kuldann og frostið og hræðileg slys sem höfðu átt sér stað á árum áður.


Það tók Katrínu tvo daga að finna leið fyrir þær til að stela hlífðarbúningum foreldra hennar. Hún gekk úr skugga um að búningarnir væru í lagi og að foreldrarnir væru uppteknir við önnur störf. Blær kom með henni heim að sækja gripina. Þær þökkuðu búningunum ofan í þunga málmtösku og voru rétt komnar út á breiðgötuna þegar kunnugleg rödd kallaði.

„Ert þú nú orðin af góð til að mæta í skólann?“

Lúkas hallaði sér upp við grjótvegg neðar á veginum, undir hátalara sem spilaði seiðandi sjávarhljóð, og fylgdist með þeim drösla töskunni eftir götunni. Katrín hafði ekki séð vin sinn í þrjá daga og var næstum búin að gleyma að hann væri til.

„Við fengum frí í dag til að sinna mikilvægu verkefni,“ var Blær fyrri til að svara, „og höfum engan tíma til að spjalla.“

„Ekki treysta henni, Kata,“ kallaði Lúkas og reyndi að hljóma vinalegur, „svona fólk hugsar bara um sjálft sig!“



Blær svaraði engu, herti bara á göngunni.

„Ég kíkí til þín bráðum,“ kallaði Katrín afsakandi á hlaupunum og vissi ekki hvað annað hún gæti sagt.

Lúkas fussaði og sveiaði og horfði á eftir þeim hverfa niður göngin.

Þær komu að öryggishliðinu sem leiddi upp á yfirborðið. Katrín skimaði stöðugt í kringum sig, hrædd um að einhver fylgdist með þeim, á meðan Blær steig inn fyrir lyftudyrnar eins og hún ætti staðinn.

Katrín fann kvíðann sækja að sér þegar lyftan fór hægt og rólega af stað upp í átt að landinu, himninum, kuldanum og sólinni. Blær dró fram búningana. Fötin voru sjálfstillt og löguðu sig að líkömum þeirra beggja. Þær samstilltu talstöðvarnar og smelltu kúptum hjálmunum yfir höfuð sér.

„Heyrirðu í mér?“ spurði Blær til að ganga úr skugga um að tæknin væri ekkert að

stríða þeim. Katrín svaraði játandi og fór einu sinni enn yfir öll öryggisatriðin sem hún hafði kynnt sér varðandi notkun á hlífðarbúningum í útiveru.

„Veðrið gæti ekki verið betra,“ útskýrði Blær, „sól og heiðskírt, ég sá það út um gluggana þegar ég fór fram úr áðan.“

Sólin. Katrín hafði varla hugsað út í það í öllum hasarnum við undirbúninginn en nú fengi hún tækifæri til að sjá sólina með eigin augum.

„Við getum ekki verið lengi,“ sagði hún, til að minnka aðeins kvíðann og eftirvæntinguna í sjálfri sér, „tuttugu mínútur, hálf tíma í mesta lagi, í mesta lagi.“

„Engar áhyggjur,“ svaraði Blær, „við skreppum bara í smá stund.“

Enn hökti lyftan upp á við. Ferðin virtist endalaus.

Katrínu varð skyndilega hugsað til afa síns og gamallar þjóðsögu sem hann hafði sagt henni þegar hún var smástelpa. Hún opnaði munninn og út vall sagan, nánast fyrirvaralaust, eins og afi væri að tala í gegnum hana. Hún sagði Blæ frá manningnum sem varð frostinu að bráð því hann neitaði að yfirgefa húsið sitt eftir kuldakastið mikla.

„En hann dó ekki, því frostið umbreytti ísköldum líkamanum sem stækkaði eftir því sem meiri snjór og ís festist við hann, þar til hann varð ógnarstór ófreskja. Innst inni var samt enn vottur af því mennska, minningar um manninn sem eitt sinn lifði. Tíminn leið og byggðin færðist neðanjarðar. Frostrisinn ráfaði um landið í leit að fjölskyldu sinni og eftir ótalmörg ár tókst honum loks að brjóta gat ofan í neðanjarðarborgina, beint ofan á húsið hjá afkomendum sínum, og kuldinn át þau öll með tölu.“

Með þeim orðum urraði lyftan ógurlega og nam staðar. Vindurinn vældi meðfram hurðinni og Katrín dró andann djúpt til að mæta kuldanum sem tók á móti þeim þegar dyrnar loks opnuðust.

Veðrið var stillt, himinninn heiðskír og hangandi hátt þar uppi var sjálf sólin. Katrín hafði stundum fengið að fara með bekknum í vettvangsferðir upp í gamla varðturninn þegar vel viðraði. Þaðan var hægt að sjá móta fyrir sólinni í gegnum hnausþykkt og rispað glerið. En hér skein hún svo skært að Katrín fékk ofbirtu í augun.

Og það var dásamlegt.

Blær fór fram úr henni og tók stefnuna út fyrir lyftusvæðið. Loftræstirörin stungu upp kollinum á víð og dreif, eins og risavaxin slönguhöfuð sem höfðu frosið í hel fyrir óralöngu síðan. Þær þrömmuðu hljóðlaust út á glerhála snjóbreiðuna. Snjallskórnir



skutu smágöddum fram úr sólunum
svo þær áttu auðveldara með gang.

Katrín virti gömlu ísborgina agndofa
fyrir sér.

Sum húsin voru himinhá, önnur rústir
einar en öll skínandi frosin og þakin
blikandi frostrósum sem glitruðu eins
og demantar undir geislum sólarinnar.
Náttúran hafði gleypst borgina og eignað
sér hvern einasta fermetra. Katrín velti því
fyrir sér hvort raunverulegt fólk leyndist
undir ísnum einhvers staðar, helkalt og
frosið til eilífðarnóns. Ætli sálirnar hafi þá
smitast yfir í snjókrystalana og grýlukertin?
Hún sá frostrisann hans afa í hverri
einustu húsarúst og á svipstundu var
stúlkan reiðubúin að trúa öllu sem hún
hafði heyrt um tröll, álfa og kuldabola.
Hjartað tók kipp þegar hún kom auga
á eitthvað sem hreyfðist á milli tveggja
húsa fram undan. Gráleit veran virkaði
ógnarstór innan um hvítan bakgrunninn.

„Blær!“ kallaði hún innan í hjálminum.
„Það er einhver annar hérna! Á milli húsanna fyrir framan okkur!“

„Þetta er ég! Drífdú þig eða ætlarðu að standa þarna í allan dag?“

Katrín dauðskammaðist sín þegar gráa veran veifaði til hennar og benti henni að koma.

„Ég veit, ég er að koma,“ svaraði hún og þóttist hafa verið að grínast.

Hún hljóp um ísi lögð holt og hæðir og náði vinkonu sinni uppi á þykkum klakakletti sem vísaði út á frosthafið mikla.

„Einhvers staðar, lengst hinum megin á hnettinum, er hafið enn þá frjálst,“ sagði Katrín og horfði dreymin á stífar öldurnar sem höfðu staðið í stað áratugum saman.

„Stundum veit ég ekki hvort ég þrái frekar,“ hélt hún áfram, „að komast út í geiminn eða ferðast til heitu landanna hér á Jörðu niðri. Hvort tveggja virkar álíka fjarlæggt og ómögulegt.“

„Ég hef heimsótt heitu löndin, þau eru ekkert merkilegri.“ Katrín greindi undarlegan fýlutón í röddinni, eins og Blær væri vonsvikin yfir ísbreiðunni.

„Komdu,“ skipaði hún, „ég hef séð nóg.“ Þær fylgdu eigin fótsporum og töluðust ekki við á bakleiðinni. Katrín nýtti hvert augnablik til að horfa vel í kringum sig og leggja smáatriðin á minnið. Hún vissi að hingað kæmi hún aldrei aftur. Hún var með augun á frosinni rútu þegar Blær fraus í sporunum og Katrín lenti beint aftan á henni.

Hún bjóst við að vera skömmuð fyrir athyglisbrestinn og var byrjuð að afsaka sig fyrir fram þegar Blær sussaði og benti niður í snjóinn.

Þykk, kringlótt fótspor fóru þvert á slóðann þeirra og lágu sem leið lá beint upp hólinn vinstra megin við þær.

Frost

Frostrisar, hugsaði Katrín, því hvað annað gat þetta verið?

Þær rýndu í sporin. Tvær breiðar klær mynduðu sveig utan um langa mjóa miðjutá. Í kringum hvert spor mátti líta þunn núningsför sem Blær taldi vera eftir loðfeld. Þær voru þó engu nær um upprunann. Katrín tók stefnuna umhugsunarlaust aftur að lyftunni en Blær var þegar tekin að príla upp á við.

„Ertu frá þér?“ spurði Katrín æst. „Hvað ef ófreskjan er bara rétt handan við hólinn?“

„Einmitt! Er þetta ekki spennandi?“
Blær virtist vera utan við sig.

„Og hvers vegna kallarðu hana ófreskju,“ bætti hún við, „eða ertu vön að dæma fólk út frá fótsporum þess?“

Katrín fylgdist með Blæ klífa langleiðina upp hólinn og fann hroll fara um sig. Ekki var það kuldanum að kenna, því búningurinn var hlýr og notalegur, heldur hafði óttinn náð tökum á henni.

„Bíddu eftir mér!“ kallaði hún en Blær nam ekki staðar fyrr en efst uppi á hólnum.

„Er ekki allt í lagi?“ hvíslaði Katrín í hjálminn.

„Sporin ...“ muldraði Blær,
„... gufuðu upp.“

Katrín læddist á eftir henni og tók utan um Blæ með vinstri handlegg. Hún þurfti að halda jafnvægi en vildi ekki



síður finna fyrir smá öryggi. Blær greip um hönd hennar á móti og Katrín hélt að hún vildi bola henni í burtu. Hún gladdist þegar hún fann fingurna herða takið utan um sig og þær dragast enn þéttar saman. Þrátt fyrir tvö þykk lög af hlífðarbúningum var þetta meiri nánd en Katrín hafði upplifað með henni og hún fékk fiðring í magann. Helst hefði hún viljað standa þarna í faðmlögum þangað til þær breyttust báðar í ísstyttur, svo augnablikinu myndi aldrei ljúka, en þá rak hún augun í slóðina í snjónum og vaknaði aftur til veruleikans.

Sporin héldu áfram þrjá eða fjóra metra og eftir það tók ekkert við.

„Ætli það hafi flogið?“ velti Blær fyrir sér.

„Pyrftu vængirnir ekki að vera ógnarstórir?“

Þær litu báðar upp til himna, óttaslegnar að svífandi klær myndu steypa sér niður og kippa þeim með upp til skýja.

En himinninn var heiður, fyrir utan einstaka ský og hver vissi svo sem hverslags hryllingur gæti legið í felum á bak við skýin?

„Komum,“ sagði Katrín og fann röddina titra í hálsinum. „Ég vil fara heim.“

Blær kinkaði kolli og sleppti takinu. Katrín fótaði sig varlega af stað niður hólinn en Blær stóðst ekki freistinguna að stíga nokkur skref fram á við til að skoða fótsporin örlítið betur.

Katrín heyrði öskrin í vinkonu sinni óma í talstöðvarkerfinu þegar snjórinn reis upp eins og draugur, hristi sig og skók og rétti úr sér upp á afturfætturna, höfðinu hærrí en Blær. Veran var hvítloðin, með kringlótt, svört augu og þykkar tennur og Blæ krossbrá. Hún missti jafnvægið og féll aftur fyrir sig á meðan furðuveran hvarf niður hólinn hinum megin, álíka óttaslegin og stúlkurnar tvær.

Blær rúllaði niður brekkuna eins og bolti og tók Katrínu með sér í fallinu. Þær lentu með látum á glerhörðum snjónum, Blær ofan á Katrínu, öðru sinni í faðmlögum, þó töluvert klunnalegri en áður. Óttaslegin augun mættust í gegnum glerið og hjörtun hömuðust í takt á meðan þær áttuðu sig á aðstæðum. Blær var fyrri til að skella upp úr og var snögg að smita Katrínu af taugaveikluðum hlátri sem fyllti kallkerfið á milli þeirra. Dýrið var á bak og burt og báðar fundu fyrir ósegjanlegum létti að liggja saman öruggar og að hafa ekki endað í ófreskjumaga.

„Hvað í andskotanum var þetta?“ spurði Blær í gegnum hláturshrinuna.

„Ég veit það ekki,“ svaraði Katrín andstutt.

Blær brosti og horfði svo lengi og djúpt í augun á Katrínu að hún fór næstum hjá sér undan augnaráðinu. Hún skynjaði aðdáun úr augum geimstúlkunnar sem hafði ekki verið þar áður. Kannski voru

Þetta eftirköst af ímynduðum lífsháska sem færði þær svona saman. Katrín fann fyrir svipaðri tilfinningu og skynjaði sterka löngun til að komast nær henni, ekki bara til að næla sér í framandi ávexti og annað ríkidæmi útgeimsins, heldur til að kynnast henni og vera með henni. Hún brosti á móti og leyfði sér að dreyma um að hjálmarnir gufuðu upp eins og sporin svo hún gæti smellt á hana hlýjum kossi úti í nístingsköldum óbyggðunum.

Hún fann hrísling fara um sig og titring frá hvirfli og ofan í tær. Hún opnaði munninn til að segja eitthvað við Blæ en kom ekki upp heilu orði því varirnar skulfu svo mikið.

Hún fylgdist með augnaráðinu breytast úr aðdáun í áhyggjur.

„Katrín?“ spurði Blær alvörugefin.

„Katrín?“ endurtók hún hærra og hristi vinkonu sína. „Er allt í lagi með þig?“

Blær hvarf í móðu og ískristalla sem dreifðu sér yfir glerið eins og maurar á iði innan í hjálminum. Katrín titraði og skalf og fann líkamskraftinn þverra.

„Katrín! Svaraðu mér!“ Hún fann Blæ hrista sig, toga á fætur og halda utan um sig en féll máttlaus aftur í snjóinn og fann nístandi sársauka bæði í fingrum og tám. Tennurnar skulfu svo hratt að hún tók ekki eftir því að hún hafði bitið neðri vörina til blóðs. Líkaminn gerði allt sem hann gat til að verjast kuldanum, stífnaði upp og dróst saman í fósturstellingu en ekkert gekk. Hún varð vot um augun af áreynslunni og fann tárin frjósa og mynda þunnar ísrákir niður kinnarnar.

Tennurnar hættu smátt og smátt að skjálfa.

Katrín heyrði örvæntingarópin í vinkonu sinni en fann ekki lengur fyrir sjálfri sér.

Hvítt ljósið vék fyrir kolniðamyrkri.

Hiti

Katrín rankaði við sér í svitabaði. Öndunargríma pumpaði í hana súrefni. Í fyrstu taldi hún sig enn vera í hlífðarbúningnum uppi á yfirborði. Smátt og smátt rann upp fyrir henni að hún lá á mjúkri dýnu í heitu glerbúri, klædd þunnum hvítum kjól. Katrín leyfði sér að slaka á og njóta þess að geta hreyft bæði hendur og fætur. Á meðan leitaði hugurinn aftur í frostið. Hún mundi eftir ófreskjunni í snjónum og fallinu niður hólinn. En engu eftir það. Nú skipti það svo sem ekki máli. Nú var hún örugg.

Skyndilega var bankað á glerið svo Katrínu dauðbrá. Búrið opnaðist hægt ofan frá. Hún settist upp til að teygja úr sér en féll umsvifalaust aftur niður á dýnuna.

„Ekki setjast upp strax,“ sagði einhver handan móðunnar, „leyfðu okkur að hjálpa þér.“

Búrið opnaðist nú frá öllum hliðum eins og blóm. Tveir sjúkraliðar reistu stúlkuna upp og færðu hana yfir í hjólastól. Þau útskýrðu að vöðvarnir þyrftu tíma til að jafna sig, því hún hefði legið í móki í fimm daga og bæði þurft að þola frostskaða og heilmikla læknismeðferð.

„Það fóru dagsbirgðir af heitu vatni í að halda þér lifandi og auk þess þurfti að sníða handa þér næstum heilt lag af nýrri húð til að taka burtu kalblettina!“

Katrín færði hægri höndina yfir á vinstri handlegg með erfiðismunum og strauk á sér húðina. Hún var silkimjúk og fullkomlega hárlaus. Hún bað um að fá að líta í spegil og dauðbrá þegar hún sá að hún var dökkblá í kringum augun, blettótt í framan og höfuð hennar hafði þar að auki verið snoðað.

„Nú væri fínt að eiga sýndarbreyti,“
muldraði hún með bólgnum vörum.

„Vertu bara ánægð að ekki þurfti að skera
neitt af,“ sagði konan.

„Skera af?“ endurtók Katrín með hryllingi.

„Það munaði minnstu að þú misstir
fótinn,“ útskýrði maðurinn. „Rifan á
búningnum var rétt neðan við vinstra
lærið og það þurfti að græða heilmikið
af vöðvavefjum saman við svo þú gætir
nú örugglega gengið aftur.“

Vöðvavefir. Katrín vissi alveg hvað það
þýddi.

Skordýrafrumur.

Hún var í raun og veru orðin hálf padda.

„Vertu bara ekkert að asnast aftur upp á
yfirborðið,“ bætti konan við að lokum og
opnaði svo dyrnar fram.

„Hún er vöknuð!“

Foreldrar hennar stukku upp úr sætunum á biðstofunni og þau voru innilega glöð að heimta dóttur sína aftur úr helju. Katrín var heillengi að melta allt sem gerst hafði og tók fjölskyldu sinni vel. Hún hafði samt meiri áhuga á að finna Blæ. Hún svipaðist um á biðstofunni en sá eini sem hafði fylgt foreldrunum var Lúkas, sem sat vandræðalegur á bekk fyrir miðju og beið þess að vera ávarpaður. Hún nikkaði til hans kurteislega, sneri sér svo aftur að foreldrunum og spurði um Blæ.

„Við munum ræða þetta allt saman þegar þú ert búin að ná þér,“ útskýrði pabbi hennar, „en í stuttu máli þarftu ekki að hafa áhyggjur af þeim vandræðagemlingi lengur. Þú ættir frekar að þakka Lúkasi!“ Hann benti á bekkinn og Lúkas stóð feimnislega á fætur.

„Lúkasi?“ endurtók Katrín forviða.

„Hvað meinarðu? Og hvar er Blær?“

„Lúkas kom til okkar og sagði okkur allt af léttu,“ útskýrði mamma hennar, „varaði okkur við þessari ólukkans ferð ykkar, svo við gátum sent varðvélarnar út á eftir ykkur.“

„Sem betur fer!“ botnaði pabbi hennar. „Og rétt í tæka tíð til að ferja þig heim í hjúkrun og senda þessa stelpuskjátu sína leið! Að hugsa sér að þú hafir leyft henni að hafa þig út í svona hálfvitaskap!“

„Ég vissi að henni væri ekki treystandi,“ bætti Lúkas við hreykinn, „alveg frá því að ég sá hana fyrst.“

Katrín þoldi ekki að heyra þau tala svona illa um Blæ þegar ekkert þeirra þekkti hana í raun og veru. Þær höfðu gengið í gegnum einstaka upplifun saman úti í frostinu og Katrín fann að samband þeirra hafði gjörbreyst eftir óhappið. Hún vildi hitta hana aftur, hvað sem það kostaði, en fólkíð hennar vildi ekki heyra á hana minnst.

„Það er búið að tala við móður hennar og stúlkan mun hvorki snúa aftur í skólann né aftur hingað niður,“ útskýrði pabbi hennar.

„En – ég skil ekki – hvers vegna? – hún gerði ekkert verra en ég?“

„Hún játaði allt,“ svaraði Lúkas, „þú getur hætt að ljúga fyrir hana.“

„Það er satt,“ sagði mamma hennar, „hún tók á sig fulla ábyrgð á ferðalaginu og það var ákveðið, vinallega og í samráði við þær mæðgur, að hún kæmi ekki aftur.“

„Þær borguðu þó spítalareikninginn,“ bætti pabbinn hreykinn við, „það mega þær eiga.“

Katrín sat þögl í hjólastólnum og gat ekki hlustað á meira. Hún sagðist vera þreytt og bað sjúkraliðana að ferja sig inn í hlýtt og mjúkt rúm. Þar lá hún hreyfingarlaus með tárin í augunum og gat sig hvergi hrært langt fram á kvöld, þar til svefninn gaf henni loksins grið.

Heimsókn

„Það er kominn gestur, Katrín!“

Hún gat stigið sjálf fram úr rúminu og sest í svífstólinn en krafturinn entist ekki mikið lengur.

„Hver er það?“ spurði hún og gerði ráð fyrir að gesturinn væri mamma hennar.

„Einhver strákur,“ svaraði sjúkraliðinn sem var á vakt.

Lúkas, hugsaði Katrín og var ekki viss hvort hún vildi hitta hann. Hrekkurinn, öfundskýkin, vantraustið. Ýmislegt hafði breyst þeirra á milli síðan Blær kom til sögunnar.

„Ég er of þreytt fyrir heimsóknir,“ kallaði hún fram á ganginn og sneri stólnum



að rúminu, óviss um hvort hún hefði kraft til að klifra aftur upp í.

„Hann segist vera með mikilvæg skilaboð til þín!“

Katrín andvarpaði og beit á jaxlinn. Hann hafði nú bjargað lífi hennar með því að elta þær og kjafta frá. Það mátti hann eiga, þrátt fyrir allt hitt.

„Allt í lagi,“ svaraði hún, „ég kem.“

Hún sveif inn ganginn og fram á biðstofu.

„Sko, Lúkas,“ byrjaði hún um leið og dyrnar opnuðust en snarþagnaði þegar hún sá allt annan strák bíða sín á bekknum.

Hann var á hennar aldri og klæddur í gráan skólabúning en Katrín kannaðist ekkert við kauða. Hárið var stutt og brúnt, kjálkarnir breiðir og eyrun útstæð. Mjóar varir brostu eins og þau væru bestu vinir. Hann stóð á fætur og gekk til hennar. Eldrauð augun glitruðu eins og stjörnur.

Og augun koma alltaf upp um mann.

„Ég kom til að efna loforðið,“ sagði strákurinn og rétti út höndina, „leiðin er greið ef þú kemur núna.“

Hún gat meira að segja breytt röddinni líka.

„Ertu að leggja til að við stelum þessum stól?“

„Fáum að láni. Bara í smá stund.“

„Eins og þegar við ætluðum að skreppa út, bara í smá stund?“

Katrín fann gremjuna magnast upp innra með sér.

„Fyrirgefðu,“ svaraði strákurinn, „ég hefði ekki átt að leggja þig svona í hættu. Í alvöru. Fyrirgefðu.“

Hún átti erfitt með að taka Blæ alvarlega svona útlítandi.

„Geturðu að minnsta kosti gert þig aftur venjulega, ef ég á að fylgja þér?“

Blær glotti.

„Hvernig veistu að stelpa sem þú kynntist sé raunverulega ég?“

Katrín vissi ekki lengur hverju hún átti að trúá.

„Stelpa sem þú þekkir sem Blæ var búin að lofa að koma ekki hingað aftur,“ hélt strákurinn áfram, „og hún efnir sín loforð. En þessi strákur hefur engu lofað og getur því engan svikið. Komdu nú, áður en það verður of seint!“

Blær ýtti Katrínu í stólnum að lokaðri lyftu sem ferjaði þær beina leið upp í geimskipið og opnaðist inn í fagurlega skreyttan sal fullan af málverkum og stytum. Katrín átti ekki orð til að lýsa herlegheitunum.

Blær benti á hin og þessi listaverk og útskýrði hvaðan þau komu. Hún sýndi henni minjar frá löndum sem Katrín þekkti bara úr sögutímum og landafræði.

Þær dáðust að gersemum frá ytri nýlendum í sólkerfinu sem Katrín hafði ekki einu sinni heyrt um. Litla eðlan beið þeirra ofan á einni höggmyndinni og var fljót að finna sér pláss á herðum eiganda síns. Þær fóru í gegnum salinn og út að risastórum glugga sem vísaði út yfir ísborgina. Katrín fékk hroll af því að virða fyrir sér snævi lagða auðnina og rifja upp frostið og ókindina sem þær höfðu elt upp hólinn.

„Það héldu allir að ég hefði ímyndað mér fótsporin,“ sagði hún lágt, „að mig hefði dreymt dýrið á meðan ég var í dáinu.“

„Pá dreymdi mig það líka,“ svaraði Blær og útskýrði að henni hefði hvorki tekist að finna neinar upplýsingar um það né séð tangur eða tetur af því síðan.

„Og ég hef eytt heilu og hálfu dögum fyrir framan þessa glugga, á meðan þú lást inni.“

Því næst sýndi hún Katrínu herbergin sín – fleiri en eitt og fleiri en fimm, full

af dýrgripum og djásnum – og endaði á að skilja hana eftir í hægindastól í fínni stofu þar sem búið var að leggja á borð fyrir glæsilega máltíð.

„Bíddu bara,“ sagði Blær stolt, „ég hef látið elda handa okkur rétti úr hráefnum sem fæstir Jarðarbúar hafa nokkurn tímann smakkað!“

Eðlan sleikti út um, eins og hún fyndi bragðið af hverju orði.

„Þú getur slappað af á meðan,“ hélt hún áfram, „og engar áhyggjur, þú bíður ekki einsömul.“

Blær flautaði og stærðarinnar loðdýr kom skokkandi inn í herbergið. Katrín hafði nú þegar séð ýmislegt ótrúlegt um borð í skipinu en lifandi hundur sló út allar fornminjar í heiminum. Hann var gulbrúnn og krullhærður með dásamlega falleg dökk augu.

„Er hann – raunverulegur?“ hikstaði hún upp úr sér.

„Algjörlega,“ svaraði Blær, „og hann heitir Gaffi. Ég leyfi ykkur að kynnast í ró og næði.“

Þetta var næstum því of mikið fyrir Katrínu. Gaffi reisti sig upp við hægindastólinn og nuddaði blautu nefinu við handleggina á henni. Tilfinningarnar blossuðu upp svo hratt að hún réði vart við þær. Gleði. Afbrýðisemi. Forvitni. Reiði. Væntumþykja. Kvíði. Léttir. Beiskja. Hamingja. Og allar blönduðust þær saman í hrærigraut sem hún kunni engin skil á.

„Er ekki allt í lagi?“ spurði Blær þegar hún sá tár renna niður kinn vinkonu sinnar.

„Jú, auðvitað,“ svaraði Katrín og strauk mjúkan hundsfeldinn. Hún leit á Blæ og sá hana öðrum augum en áður. Það var ekki bara að hún liti út eins og strákur, því var hún næstum farin að venjast. Nei, það var eitthvað dýpra og mun persónulegra. Innan um vellystingarnar, auðæfin og stássið í skipinu virkaði Blær agnarsmá og óörugg,

greinilega óvön að fá gesti um borð. Hún átti allt sem hugur hennar girntist, var frjálst að ferðast á milli heima og geima en Katrín gat ómögulega hrist burt þá tilfinningu að Blær væri jafnvel enn meira einmana en hún sjálf.

„Ég er, bara, glöð að vera hérna,“ hélt hún áfram, „og leið að þú sért að fara.“ Hún brosti kjánalega og leit undan til að fela tárin.

„Ég segi það sama,“ svaraði Blær og beygði sig niður til hennar. Hún kom Katrínu að óvörum með kossi á kinn en Katrín kom sjálfri sér að óvörum með því að snúa höfðinu örlítið til vinstri og grípa kossinn með munninum.

Blær tók á móti án þess að hika. Varirnar voru bæði heitar og mjúkar. Katrín lokaði augunum og leyfði sér að njóta augnabliksins og bragða almennilega á fyrsta kossinum.

Svo bættist þriðja tungan við og sleikti kinnarnar á þeim svo kossinn slitnaði í sundur. Lágt galtið í Gaffa kveikti bros hjá þeim. Katrín hallaði sér dreymin aftur í hægindastólinn og fylgdist með Blæ teygja úr sér. Hún leit nú aftur út eins og hún hafði gert fyrsta daginn í skólanum. Katrín velti fyrir sér hvort hún hefði kysst strák eða stelpu en var fljót að komast að þeirri niðurstöðu að það skipti hana nákvæmlega engu máli. Hún fann enn fyrir hlýjunni af vörum hennar.

„Ég ætla að athuga með matinn,“ sagði Blær og röddin titraði dálítið.

„Ég bíð spennt,“ svaraði Katrín og sleikti út um.

Blær reyndi að halda andlitinu en yfirgaf herbergið skælbrosandi og létt á fæti.

Leynimakk

Katrín teygði úr sér og dró andann djúpt.


„Svei mér þá,“ sagði hún við hundinn, ekki alveg laus við pirring yfir trufluninni, „ég veit ekki hvernig þetta gerðist eða hvað hefði gerst hefðir þú ekki truflað okkur.“ Hann virtist skammast sín vegna atviksins, því hann skottaðist í burtu frá henni og yfir í næsta herbergi.

Katrín horfði á eftir honum og velti fyrir sér hversu lengi hún mætti bíða áður en Blær sneri til baka. Líkaminn var endurnærður eftir óvænt blíðuhótin og hún ákvað að hætta sér í smá göngutúr. Hún steig varlega upp úr stólnum og haltraði yfir að dyragættinni. Gaffi hafði numið staðar við lokaðar dyr á næsta gangi og beið þar sallarólegur.

„Er þetta herbergið þitt?“ spurði Katrín og studdi sig við vegginn til að komast nær. Gaffi svaraði engu, másaði bara og blés, eins og það myndi einhvern veginn opna dyrnar hraðar.

„Bíddu rólegur, ég er að koma.“ Katrín skakklappaðist yfir að dyrunum og hafði ekki fyrr opnað en Gaffi skaust fram hjá henni með slíku offorsi að hún missti næstum jafnvægið. Um leið og hann hljóp inn fyrir kviknuðu ljós um allt rýmið og Katrín sá að þetta var einhvers konar vinnustöð. Á veggnum hægra megin var skrifborð fullt af vírum og tökkum en vinstra megin stóðu hreyfingarlaus véldýr af ýmsum toga í röð. Gaffi tók sér stöðu hjá þeim og lagðist grafkyrr niður á gólfið.

„Auðvitað ertu ekki alvöru hundur,“ muldraði Katrín vonsvikin og rifjaði upp það sem Blær hafði sagt strax á fyrsta degi.



Ekkert er raunverulegt.

Katrín var við það að snúa aftur fram í borðstofu þegar dyr opnuðust skyndilega hinum megin í herberginu. Henni brá svo að sjá aðra mannveru að hún æpti upp yfir sig.

„Ég biðst innilega afsökunar,“ sagði einhver mjúkri og dáleiðandi röddu, „ég vissi ekki að hér væru gestir.“

Mannveran steig inn í birtuna og í ljós kom að hún var ekki mannleg nema að forminu til. Hún var úr skínandi málmi frá toppi til tár og laus við öll eðlileg persónueinkenni. Höfuðið var eins og kúptur andlitslaus spegill og Katrínu brá að mæta þar eigin augliti. Bláu blettirnir framan í henni voru enn ekki horfnir eftir kuldakastið. Hárið var rétt byrjað að spíra yfir skallann og hún virkaði afskaplega mjó að sjá. Hún átti enn töluvert langt í land með að jafna sig eftir slysið.

„Nei, nei,“ svaraði hún hissa, „ég biðst afsökunar, ég á ekki að vera hérna, ég átti að bíða frammi, fyrirgefðu.“

Höfuðið hallaðist örlítið fram, eins og veran væri að virða hana betur fyrir sér, augnalaus og munnlaus. Hvaðan kom röddin eiginlega?

„Leyfist mér að spyrja yður að nafni?“

„Katrín.“

Það lifnaði yfir vélmenninu að heyra nafnið. Kuldalegur líkaminn breytti um lit og baðaði herbergið bláum ljóma.

„Katrín! Ég trúi þessu ekki! Það ert þú sjálf!“

Vélarnar í kring kveiktu á sér ein af annarri og Gaffi galti hástöfum úr horninu.

Katrín sneri sér við til að fara aftur fram á gang en nú voru dyrnar lokaðar.

Leikslök

Blær kom færandi hendi inn í tóma borðstofu. Hún lagði ilmandi bakkann frá sér og kallaði á Katrínu en fékk engin svör.

Þegar Gaffi svaraði ekki heldur grunaði hana hvað hafði gerst. Hún hljóp inn ganginn og opnaði dyrnar inn í kennslustofuna.

Óttinn reyndist réttur.

Katrín sat við vinnuborðið og Kennarinn bograði yfir henni. Á skjánum mátti sjá myndirnar hennar, textann hennar, allar upptökurnar sem hún hafði gert síðan þau lentu tæpum tveimur vikum áður. Allt sem hún hafði skrifað um bekkinn, skólann, fólkið neðanjarðar.

Allt sem hún hafði skrifað um Katrínu.

„Þetta er ekki eins og þér sýnist,“ sagði hún með öndina í hálsinum.

„Blær!“ svaraði Kennarinn og reisti sig við. „En gaman að þú skulir hafa boðið Katrínu til okkar! Ekki átti ég von á þessu en það er snjöll og skemmtileg viðbót við verkefnið.“

„Verkefnið,“ endurtók Katrín án þess að taka augun af skjánum.

„Já, enn og aftur kemurðu mér á óvart, Blær mín,“ hélt Kennarinn áfram, „sjálfum hefði mér ekki dottið í hug að bjóða viðfangsefninu að sjá alla vinnuna en það verður sannarlega forvitnilegt að fylgjast með og skrásetja viðbrögðin.“

„Viðfangsefninu,“ muldraði Katrín.

„Viðbrögðin?“ Hún hristi höfuðið og sneri sér frá tölvuskjánum. „Er ég bara hluti af einhverju skólaverkefni?“

Blær vissi ekki hverju hún ætti að svara.

„Já og nei, ég meina, já þú ert hluti en þú ert líka svo miklu meira en það!“

„Þetta var mín hugmynd,“ tilkynnti Kennarinn stoltur og virtist fullkomlega ólæs á sárindin sem skinu úr andliti Katrínar, „að setja Blæ á skólabeck neðanjarðar og láta hana vinna úr því sem rannsóknarverkefni. Afraksturinn fór fram úr mínum björtustu vonum og ég er ekki frá því að þetta verði útgáfuhæft áður en yfir lýkur.“

Katrín hafði bara séð brot af því sem Blær hafði skrifað og skrásett en nóg til að fá óbragð í munninn. Þarna voru lýsingar úr fyrstu kennslustundinni og ljósmyndir sem hún hafði tekið í laumi. Löng greining á atvikinu í matsalnum og margar blaðsíður af texta um Katrínu sjálfa sem hún vildi helst ekki vita af.

„Ég býst við að fíni maturinn frammi sé til staðar svo þú getir skrifað hvernig neðanjarðarpöddu eins og mér finnist hann smakkast,“ sagði hún bitur, „og að þú hafir valið mig vegna þess að foreldrar

mínir veittu þér aðgang út á ísinn?“ Hún fann magann herpast saman í hnút.

„Og kossinn,“ hélt hún áfram hikandi, „ég vænti þess að kossinn hafi líka verið hluti af tilrauninni?“ Hún gat varla komið síðustu orðunum heilum upp úr sér. Tilfinningagrauturinn samanstóð nú af litlu öðru en hreinni reiði og sárum vonbrigðum.

„Kossinn?“ spurði Kennarinn hissa en Blær lét eins og hann væri ekki þarna.

„Nei,“ svaraði hún, „einmitt ekki! Verkefnið snerist um að kynnast einhverjum, jú, svo mikið er rétt, og í fyrstu vildi ég bara nota þig til að fá upplýsingar. Og ekki skemmdi fyrir að foreldrar þínir væru jurtafræðingar. En svo fór ég að kynnast þér betur og eftir atvikið úti á ísnum þá breyttist allt. Ég hef ekkert skrifað eftir það, ekki orð, ég sver það, og ég ætla ekki að halda áfram

með verkefnið, sama hvað Kennarinn minn segir!“

„Ég verð nú að andmæla þessu,“ byrjaði Kennarinn að svara en Blær stökk yfir að veggnum og þrýsti á hnapp sem slökkti á öllu í herberginu.

Þær biðu þöglar á meðan augun vöndust myrkrinu.

„Fyrirgefðu,“ sagði Blær loks með upp-gjafartón. „Ég ætlaði ekki að særa þig og þú áttir aldrei að komast að þessu. En ég vil ekki kveðja þig svona. Ég vil helst ekki kveðja þig. Gerðu það, komdu með mér fram, gleymum þessu, njótum þess bara að borða saman og ég skal taka þig með mér hvert sem þig langar til að fara!“

Katrín þoldi ekki meir.

„Ég vildi hvort eð er bara vera vinkona þín til að græða á þér,“ hreytti hún út úr sér og þurrkaði tár í laumi.

Hún stóð upp frá skrifborðinu með erfiðismunum, máttlausari en nokkru sinni fyrr, og staulaðist fram á gang. Blær fylgdi henni ekki eftir. Dásamlegur matarilmur tók á móti henni í borðstofunni. Hún gjóaði augum á litríkan bakkann og sætti sig við að hún myndi aldrei fá að smakka slíkt góðgæti. Hún settist í svífstólinn og horfði lengi á sólina í gegnum risastóra stofugluggana.

Ekkert er raunverulegt.

Katrín rataði sjálf út.

Perla í pödduskál

Næturljósið nötraði á svefnherbergisveggnum og Katrín lá hreyfingarlaus í rúminu. Hún hlustaði á geimskipið taka af stað á yfirborðinu. Hún hafði legið andvaka hálfu nóttina og beðið þess að kveðja vinkonu sína fyrir fullt og allt, með sáran sting í hjartanu og augun lokuð. Hún var hætt að gráta. Hún gat það ekki lengur.

Jörðin öskraði úr öllum áttum. Óhljóðin ætluðu að æra hana og einmitt þegar Katrín hélt að skjálftinn ætlaði engan enda að taka þagnaði veröldin skyndilega. Herbergisveggirnir héldu ró sinni. Borgin svaf sínum vanalega nætursvefni.

Blær var farin.

Nú gat lífið haldið áfram eins og ekkert hefði í skorist. Nú myndi tilveran ganga sinn vana gang aftur. Því varð Katrín að trúá.

Hún svaf illa það sem eftir var nætur. Næsta morgun mætti hún foreldrum sínum og lét eins og ekkert væri eðlilegra en að borða grautinn sinn brosandi, kyssa þau bless og halda sína leið í skólann. En eitthvað hafði brostið innra með henni og Katrín var ekki viss um að hún gæti nokkurn tímann fundið sinn vana gang á ný.

Á leiðinni út um dyrnar hugsaði hún um litla appelsínubátinn sem hafði eyðilagt matarlystina hjá Lúkasi og kveikt innra með honum svo djúpa reiði. Agnarsmátt smakk af nýbreytni hafði eyðilagt skynjun hans á hversdagsleikanum. Lúkas endaði á að hella niður pöddukássunni og fékk þannig sína útrás. Svo sneri hann aftur til hversdagsleikans eins og ekkert væri.

En Blær var hennar appelsínubátur og nú var neðanjarðarborgin ekkert nema skál af dauðum, krömdum pöddum. Hvernig í ósköpunum átti Katrín að snúa aftur til

fyrra lífs eftir að hafa komist í snertingu við allt sem Blær hafði upp á að bjóða? Hún sem hafði bara séð agnarsmátt brot af því sem beið hennar. Hún sem hafði staðið við gáttina út í víðari veröld og snúið bitur heim í stað þess að bíta á jaxlinn og taka stökkið.

Og til hvers?

Katrín hitti Lúkas á sama stað og venjulega og þau gengu samferða í skólann eins og þau höfðu gert nánast daglega síðan þau voru smákrakkar. Hún hlustaði á hann rausa um það sem hún hafði misst úr skólanum og leyfði honum meira að segja að tala illa um Blæ án þess að grípa inn í.

Skóladagurinn leið eins hversdagslega og hugsast gat. Davíð kennari var sá eini sem spurði hana eitthvað um Blæ og atvikið á yfirborðinu en annars var eins og allir aðrir væru búnir að gleyma gestinum. Eins og Blær hefði aldrei verið annað

en draumur og ímyndun einmana stúlku sem bjó í búi djúpt undir yfirborði jarðar.

Þegar Katrín sneri aftur heim eftir óbærilega venjulegan dag var hún með óbragð í munninum og óskaði einskis heitar en að hún hefði fyrirgefið Blæ á staðnum, kyngt stoltinu og hámað í sig hnossgætið í staðinn. Hún ímyndaði sér að taka lyftuna upp á yfirborðið, klifra upp í hæstu kletta og öskra svo hátt upp til himna að Blær myndi heyra í henni úti í geimnum og snúa skipinu við og koma henni til bjargar!

En líklega var Blær nú þegar á nýjum stað með mömmu sinni og kennaranum og örugglega búin að finna sér annað viðfangsefni fyrir næsta tilraunaverkefni. Ekkert var raunverulegt. Svo mikið var víst. Katrín hefði mátt vita betur en að leyfa sér að dreyma.

Hún gekk hægum skrefum upp götuna sína. Fuglarnir í hátölurunum sungu ástarljóð sín á milli á tungumáli sem hún myndi aldrei skilja. Á miðri leið nam hún staðar og andvarpaði. Hún gat ómögulega kallað fram orku til að stíga síðustu skrefin heim.




Þá tók hún eftir dularfullri manneskju að sniglast í kringum húsið hennar. Þetta var hávaxin, snögghærð stúlka, dökk á hörund, í bláum samfestingi og með skínandi rauð augu.

Katrín hafði aldrei séð hana áður.

Í fjarska heyrðist lítil eðla hvæsa.

ENDIR

Bækur í sama flokki



Lífið neðanjarðar gengur sinn vanagang þar til nýr nemandi kemur í bekkinn til Katrínar og Lúkasar. Á svipstundu breytist allt. Hver er þessi manneskja og hvað gerist úti á ísbreiðunni?

Höfundur sögunnar er Gunnar Theodór Eggertsson og myndskreytingar eru eftir Erlu Maríu Árnadóttur.


MENNTAMÁLASTOFNUN
40203

ISBN-13: 978-9979-0-2363-0

9 789979 023630